**Bekkur: 4. bekkur**

**Námsgrein: Samfélagsgreinar - lífsleikni**

**Kennarar: Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir**

**Tímafjöldi: 3 kennslustundir**

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:** Komdu og skoðaðu landnámið, Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti, Ísland áður fyrr - fjölskyldan, störfin og heimilið, Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna, Námsefnið Verkfærakistan, verkefni tengd Uppeldi til ábyrgðar t.d. lífsgildi, bekkjarsáttmáli, þarfir, reglur og hlutverk ásamt ítarefni frá kennurum.

**Lykilhæfni: Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi**

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Reynsluheimur – umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann** | Að nemandi:<br>• geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.<br>• geti aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.<br>• geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengi.<br>• geti sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.<br>• geti lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.<br>• þjálfist í að ræða um samfélagið og nota valin hugtök í því samhengi.<br>• velti fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.<br>• geti bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.<br>• varist hættur á heimili sínu og í nágrenninu.<br>• velti fyrri sér einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.<br>• geti bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.<br>• komi auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.<br>• komi auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið. | Námsefnið verður unnið á fjölbreyttan hátt, það samþættist að mestu við aðrar námsgreinar.<br><br>Einstaklings- og hópvinna, gagnvirk verkefni, umræður, myndsköpun, ritun og vettvangsferðir. | Leiðsagnarmat, símat, sjálfsmat, verkefni og vinnubækur, þátttaka og vinnubrögð. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • þjálfist í að lýsa kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu. | | |
| **Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum** | • geti bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.<br>• átti sig á og lýsi ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.<br>• geri sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.<br>• geti bent á hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.<br>• þjálfist í að gera sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.<br>• geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.<br>• geti sett sig í spor annarra jafnaldra.<br>• bendi á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.<br>• geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.<br>• geti sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna. | | |
| **Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra** | • geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.<br>• þjálfist í að ræða um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýni ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.<br>• geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.<br>• geti sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.<br>• geti hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.<br>• þjálfist í að tjá þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.<br>• geti áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.<br>• þjálfist í að ræða um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.<br>• átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.<br>• geti sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur. | Samvera með vinabekk, bekkjarfundir, framsögn, verkefnavinna og almennar umræður. | Þátttaka í kennslustundum, hegðun, framkoma og samskipti í skólanum. |